

Greinargerð um störf ungmennaráðs Menntamálastofnunar fyrir árið 2017

Ungmennaráð Menntamálastofnunar var stofnað 1. nóvember 2016 og er skipunartími þess frá 1. nóvember 2016 – 30. október 2018. Sjá nánari upplýsingar um ungmennaráðið [hér](#).

Fundir

Tveir fundir voru haldnir á árinu, sá fyrri var formlegur, en sá seinni óformlegur (sem þýðir að engin dagskrá lá fyrir fundinum og var hann haldinn á laugardegi). Fyrri fundurinn var haldinn 3. febrúar 2017, kl. 10:30-15:30. Meginumræðuefni fundarins voru: *Einkunnakerfið, rafræn samræmd könnunarpróf, lífsleiknikennsla í grunnskólum, fjármálalæsi í grunnskólakennslu og sálfræðipjónusta í grunn- og framhaldsskólum*. Fundargerð fundarins má sjá [hér](#).

Seinni fundurinn var haldinn 18. nóvember 2017, kl. 11:00-13:00. Báðir fundirnir voru haldnir í húsnæði Menntamálastofnunar að Víkurhvarfi 3, Kópavogi.

Umsjónaraðili

Umsjónaraðili ungmennaráðsins frá byrjun var Erla Ósk Guðjónsdóttir, en Anna Björg Auðunsdóttir tók við því hlutverki í desember byrjun 2017.

Vinna á milli funda

Fulltrúar í ungmennaráðinu hafa tekið þátt í eftirfarandi vinnu fyrir utan aðalfundi þess:

Samræmd rafræn könnunarpróf

Þrír fulltrúar mættu á fund í mennta- og menningarmálaráðuneyti 11. apríl 2017 sem ráðuneytið boðaði til vegna framkvæmdar samræmdu könnunarprófanna. Fulltrúarnir voru Ingibjörg Ragnheiður Linnet, Jökull Ingi Þorvaldsson og Sindri Smáráson. Í framhaldi af þeim fundi voru sömu fulltrúar á vinnufundi 12. apríl 2017 þar sem samin var ályktun til ráðuneytisins. Sindri Smáráson mætti síðan á samráðsfund í ráðuneytinu 6. júní 2017.

Dagur gegn einelti 8. nóvember 2017

Menntamálastofnun hefur það hlutverk að sjá um framkvæmd og umsjón dags gegn einelti ár hvert. Fulltrúi ungmennaráðsins Ingibjörg Ragnheiður Linnet flutti ávarp á hátíðarsamkomu dagsins í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.